


## Verulegur rekstrarbati

Rekstur Norðlenska batnaði verulega milli ára 2003 og 2004 og nemur rekstrarbatinn hundrað milljónum króna. Frá árinu 2001 nemur rekstrarbati Norðlenska sem næst þrjú hundrað milljónum króna. Heildarvelta Norðlenska á síðasta ári var 2.380 milljónir króna.

„Fjármunamyndun í rekstri á síðasta ári nam hundrað milljónum króna, sem dugar fyrir afborgunum lána og vöxtum. EBITDA-hagnaður hjá félaginu var nálægt 140 milljónum króna, sem er mjög í takt við áætlanir. Við höfum unnið markvisst að því að bæta rekstur fyrirtækisins, meðal annars með ýmiskonar hagræðingu. Við höfum aukið eigin slátrun verulega og þá höfum við náð að auka umtalsvert framleiðslu fullunninnar vöru,“ segir Sigmundur E. Ófeiggsson, framkvæmdastjóri Norðlenska.

Heildarslátrun Norðlenska á síðastliðnu ári var 1.750 tonn í lambakjöti, 1.200 tonn í svínakjöti, 800 tonn í nautakjöti og 19 tonn í hrossakjöti.

„Rekstur á matvælafyrirtæki eins og Norð-



lenska er vissulega mjög viðkvæmur og því er ég mjög sáttur við þá jákvæðu þróun sem orðið hefur í rekstrinum. Í okkar áætlunum, miðað við að ytri aðstæður breytist ekki

verulega, er gert ráð fyrir að á yfirstandandi ári aukist fjármunamyndun frá síðasta ári og fyrirtækið verði gert upp með hagnaði,“ segir Sigmundur.

## Katrín Dóra ráðin starfsmannastjóri

Katrín Dóra Þorsteinsdóttir hefur verið ráðin starfsmannastjóri Norðlenska og tekur hún til starfa hjá fyrirtækinu í maí nk. Katrín Dóra, sem

er rekstrar- og viðskiptafræðingur frá Háskólanum á Akureyri, hefur frá stofnun Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar, árið 2000, veitt henni forstöðu.



Katrín Dóra  
Þorsteinsdóttir.

Áður var hún m.a. framkvæmdastjóri Leðuriðjunnar Teru á Grenivík og Sunneva Design ehf. á Akureyri, auk þess sem hún var stöðvarstjóri Íslandsflugs á Akureyri.

Fráfarandi starfsmannastjóri Norðlenska, Ingibjörg K. Steinbergsdóttir, óskaði eftir minna starfshlutfalli og minni ábyrgð vegna persónulegra ástæðna. Hún mun áfram starfa hjá fyrirtækinu og vinna að öðrum verkefnum.

## Rífandi sala

Salan á afurðum Norðlenska fyrir síðustu jóla gekk mjög vel og það sama má segja um söluna á þorranum. Norðlenska seldi um 85 tonn af hangikjöti fyrir jólin, sem þýðir að félagið er langstærsti framleiðandi hangikjöts í landinu. Þá seldi Norðlenska rösklega 60 tonn af svínahamborgarhygg. Allmennt fengu vörur Norðlenska mjög góðar viðtökur neytenda og svokallaðra bragðgæðinga og var hamborgarhyggurinn frá Norðlenska valinn sá besti af sérfræðingum eins dagblaðanna.

Það sama má segja um afurðasölu á nýafstöðnum þorra – Norðlenska seldi upp allan þorramatinn sem fyrirtækið framleiddi. Þessar góðu viðtökur eru til marks um gæði framleiðsluvara fyrirtækisins og metnað starfsfólks.



## Um 500 bændur eiga aðild að Búsæld

Nú eiga rétt tæplega 500 bændur í Eyjafirði, Þingeyjarsýslum og á Austurlandi aðild að framleiðendafélaginu Búsæld, sem um síðustu áramót átti 37% hlutfjár í Norðlenska á móti KEA (43%), Eignarhaldsfélaginu Samvinnutryggingum (10%), Akureyrarbæ (7%) og Húsavíkurbæ (3%). Búsæld ehf. var stofnuð í desember 2003 með það að markmiði að eignast ráðandi hlut í Norðlenska. Sem fyrr segir eiga nú hátt í fimm hundrað bændur á svæðinu frá Borgarfirði í vestri til Hafnar í Hornafirði í austri hlut í Búsæld, sem Sigmundur E. Ófeiggsson, framkvæmdastjóri Norðlenska, telur til marks um að bændur hafi trú á fyrirtækinu og beri til þess traust.

## Sumarslátrun í ágúst

Stefnt er að því að hefja sumarslátrun dilka hjá Norðlenska á Húsavík í fyrstu eða annarri viku ágústmánuðar. Verði áhugi fyrir því að hefja sumarslátrunina fyrr, er félagið opið fyrir slíkum hugmyndum. Einnig er stefnt að sumarslátrun á Höfn. Bændur eru beðin að láta Sigmund Hreiðarsson, vinnslustjóra á Húsavík, og Einar Karlsson, slátruhússtjóra á Höfn, vita eins fljótt og mögulegt er um hvort þeir geti afhent lömb í sumarslátrun. Símar hjá Sigmundi eru 460 8888 eða GSM 840 8888. Netfangið er [simmih@nordlenska.is](mailto:simmih@nordlenska.is). Síminn hjá Einari er 840 8870. Netfangið er [ainar@nordlenska.is](mailto:ainar@nordlenska.is).

## Páskaslátrun

Páskaslátrun verður 18. mars, bæði á Húsavík og á Höfn og eru bændur sem hyggjast slátra páskalömbum beðin um að hafa samband við annars vegar Sigmund Hreiðarsson á Húsavík eða skrifstofu á húsavík og hins vegar Einar Karlsson á Höfn. Páskaslátrun er m.a. liður í þeirri stefnu Norðlenska að geta boðið neytendum sem mest upp á nýtt, ferskt lambkjöt. Miðað er við verðskrá sl. hausts að viðbættu 10% álagi.

## Hækkun á verði svínakjöts

Skilaverð á svínakjöti til bænda hækkar 21. febrúar sl. og er nú 240 krónur pr. kg.. Undanfarna tólf mánuði hefur verð á svínakjöti hækkar umtalsvert og má segja að markaður fyrir svínakjöt sé að komast í nokkuð gott jafnvægi.

## Verðbreyting á smákálfum

Gerð verður verðbreyting á verðskrá fyrir smákálfa frá 1. apríl nk. og felur hún í meginráttum í sér að bændur sem hafa viðskiptasamninga við Norðlenska njóta betri kjara en áður.

## Flutningsjöfnun á nautgripum

Skilaverð á nautkjöti til bænda hækkar sömuleiðis 21. febrúar sl. Frá 1. mars sl. tók gildi flutningsjöfnun á nautgripum, 2.600 krónur, á starfssvæði Norðlenska. Flutningsjöfnun hefur verið í gildi varðandi sauðfé og rétt þótti að hún tæki líka til nautgripa.


## Afgreiðsla á innmat

Þeim bændum sem taka innmat er bent á að hann er afgreiddur frá söluskrifstofu Norðlenska á Akureyri, en ekki beint úr slátruhúsi.

## Heimtaka kjöts

Ef einhverjir hafa ekki fengið allt sitt heimtökukjöt er þeim bent á að hafa samband við Sigmund Hreiðarsson, vinnslustjóra á Húsavík.

## Árleg slátrun Norðlenska



## Betri staða á kjötmarkaði

Eftir mikinn óróleika á kjötmarkaði undanfarin tvö ár, sem ekki síst var afleiðing mikillar framleiðsluaukningar á hvítu kjöti – alifugla- og svínakjöti – virðist markaðurinn nú vera kominn í mun betra jafnvægi, að sögn Sigmundar E. Ófeigssonar, framkvæmdastjóra Norðlenska. „Framleiðslan er komin í þokkalegt jafnvægi við eftirspurn á markaðnum og það má almennt segja að salan er vel viðunandi,“ segir Sigmundur. Sala á lambkjöti var mjög mikil á síðasta ári og er tæplega 14% söluaukning á lambkjöti frá fyrra ári. Aukin lambkjötssala hefur jákvæð áhrif á rekstur

Norðlenska því hún er um 50% hlutfall veltunnar.

„Síðastliðið ár var útflutningsskylda dilkakjöts 36%, en líkur eru á því að hún lækki umtalsvert í ár. Í því felast verulega jákvæðar fréttir fyrir sauðfjábændur. Við munum leggja áherslu á útflutning á Bandaríkjamarkað, en það sem gerir okkur þar erfitt fyrir er gengi dollars gagnvart krónunni og því er verðið lágt. En okkur er hins vegar mikilvægt að viðhalda þeirri stöðu sem við höfum þó náð á Bandaríkjamarkaði,“ segir Sigmundur E. Ófeigsson.

## Netföng og símanúmer óskast!

Til að auðvelda upplýsingamiðlun til bænda sem eru í viðskiptum við Norðlenska er mikilvægt að bændur sendi félaginu upplýsingar um rétt netföng og símanúmer. Norðlenska hefur verið að safna saman þessum upplýsingum, en töluvert skortir á að allir bændur sem eru nettengdir hafi látið félagið vita um netföng sín. Þá er ástæða til að minna bændur á að láta vita ef netföng breytast. Vinsamlegast sendið þessar upplýsingar á Svölu Stefánsdóttur á skrifstofu Norðlenska – netfangið hennar er [svalas@nordlenska.is](mailto:svalas@nordlenska.is) - eða Elsu Guðbjargar Borgarsdóttur á skrifstofunni á Húsavík -netfangið hennar er [elsa@nordlenska.is](mailto:elsa@nordlenska.is).

## SLÁTRUHÚSIÐ Á HÖFN

### Stefnt að aukinni slátrun

Stefnt er að því að auka slátrun dilka í slátruhúsinu á Höfn frá síðustu slátrurtíð. Slátrað var í fimm vikur á síðasta ári, en stefnan er sett á lengingu slátrurtíðar upp í sjö vikur.

### Nautgripaslátrun

Slátrun á nautgripum hófst aftur á Höfn í febrúar og er reiknað með að slátrað verði að jafnaði á tveggja vikna fresti þar. Þó skal þess getið að næsta nautgripaslátrun á Höfn verður ekki fyrr en eftir páska.

### Sumarlokun

Vegna sumarleyfa starfsfólks á Höfn er reiknað með sex vikna lokun starfsstöðvarinnar þar í sumar – frá um 10. júní og framundir 20. júlí. Vert er að benda bændum á starfssvæði slátruhússins á Höfn á að hafa þetta í huga.